

M-38/2009 Álit 30. júní 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. júní 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-38/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 25. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sturtuhorni hjá fyrirtækinu Y, 14. maí sl. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að fá að skila sturtuhorninu og fá annað í staðinn.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 26. maí sl., og bárust þau 8. júní. Með bréfi, dags. 15. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 22. júní. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 24. júní sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir því að fá keypt sturtuhorn af stærðinni 75x75 cm. Samkvæmt reikningi, dags. 14. maí sl., sem álitsbeiðninni fylgdi keypti álitsbeiðandi sturtuhorn 75x75 cm sem kostaði kr. 43.687 með virðisaukaskatti. Einnig keypti álitsbeiðandi samkvæmt sama reikningi baðvæng o.fl. og er reikningurinn samtals að fjárhæð kr. 78.180. Álitsbeiðandi segir sturtuhornið vera af stærðinni 73x73 cm og sé það of lítið til þess að það sé nothæft fyrir sig. Álitsbeiðandi kveðst hafa farið tvisvar til seljanda, en hann hafi ekki viljað láta sig fá nýtt sturtuhorn. Álitsbeiðandi segir að umbúðirnar um sturtuhornið séu óskemmdar.

Álitsbeiðandi kom með prófílana sem sturtuhorninu fylgdu á Neytendastofu og mun hafa mælt þá vera 73x73 cm. Í það sinn greindi álitsbeiðandi frá því að sér hafi verið sagt þegar hann hafi óskað eftir skiptum á sturtuhorni að hann hefði átt að kaupa sturtuhorn af stærðinni 80x80 cm til þess að það passaði fyrir 75x75 cm.

Í tilboðsauglýsingu frá seljanda sem fylgdi álitsbeiðninni eru auglýst köntuð sturtuhorn af stærðunum 70x70, 75x75, 80x80 og 90x90.

IV

Andsvör gagnaðila

Andsvör seljanda eru svohljóðandi:

„Í versluninni er til sýnis 80x80 sturtuhorn á 80x80 sturtubotni. Málsetningar eru augljósar, rammi glerja stendur í stærð 77-79 cm, ekki fulla stærð af botni. Þetta er almennt viðmið. Þrátt fyrir að honum var bent á þetta, og hann kom til að skoða nokkrum sinnum, með ráðgjafa með sér, tókst honum að kaupa ranga stærð. Þessi vara, sturtuhurðir úr öryggisgleri, er mjög áriðandi ef um skil eða skipti er að ræða, að vara sé í upprunalegum umbúðum, þannig að hægt sé að selja vöru aftur án nokkurra vandkvæða.

Það er ekki í tilfalli X. Sendi hér með reglur verzlunarinnar sem eru uppi á nokkrum áberandi stöðum hjá okkur.“

Í þeim reglum sem seljandi vísar til stendur m.a. eftirfarandi:

„Skilaréttur.

Vörum er hægt að skila innan 30 daga gegn innleggsnótu eða úttekt á annarri vöru. Varan þarf að vera í upprunalegu ástandi, ónotuð í söluumbúðum. Framvísa þarf kvittun eða annarri sönnun um kaup á vörunni innan skilafrests. Sé vöru skilað sem komin er á útsölu eða tilboð gildir lægra verðið.“

Formaður kærunevndarinnar hafði samband við forstjóra seljanda 24. júní sl. til að fá nánari skýringu á því sem kemur fram í andsvörinum. Skýrði forstjórinn frá því að álitsbeiðandi hefði komið í verslunina oftár en einu sinni með kaup á sturtuhorni í huga og með ráðgjafa eins og fram kemur í andsvörinum. Álitsbeiðandi hefði greint frá því að sturtubotninn sem sturtuhornið ætti að setja á væri 80x80 cm en brúnir á tvo vegu væru að hluta til inn í vegg og því væri sturtubotninn minni að ummáli sem því næmi. Álitsbeiðanda hefði verið ráðlagt að kaupa sturtuhorn af stærðinni 80x80 en þar sem glerið kæmi inn í prófíla væri hægt að láta það ganga mismunandi mikið inn og væri með þeim hætti hægt að mjókka hvora hlið um 2-3 cm. Auk þess væru tvö gler á hvorri hlið sem sköruðust, þ.e. að annað væri dregið til hliðar til að komast inn í klefann, og væri einnig hægt að mjókka hliðina með þeim hætti að láta þau skarast meira og þá með því að stytta jafnfram lárétta prófílana. Þetta hefði verið skýrt út fyrir álitsbeiðanda af reyndum afgreiðslumanni í versluninni. Engu að síður hefði álitsbeiðandi kosið að kaupa sturtuhorn af stærðinni 75x75 sem hann hafi fengið afgreitt. Forstjórinn sagði að í auglýsingum á stærð sturtuhornanna væri miðað við mestu breidd sem gler og prófílar gæfu og því væri ekki óeðlilegt að hægt væri að mæla breidd sturtuhorns álitsbeiðanda 73x73. Forstjórinn kvaðst halda að álitsbeiðandi hefði komið innan 30 daga og óskað eftir skiptum á sturtuhorninu sem ekki hafi verið hægt að samþykkja vegna þess að glerin hefðu verið tekin úr umbúðunum og reynt að koma þeim fyrir. Það leiddi til þess að ekki væri hægt að selja vöruna á nýjan leik og hefði verslunin fengið kvartanir í það skipti sem slíkt hefði verið reynt og vildi ekki lenda í því sama aftur.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og verslunarinnar Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.-3. mgr. 1. gr. laganna.

Kærunevndin álitur að byggja megi á því að sú lýsing seljanda sé rétt að sturtuhornið sem álitsbeiðandi keypti fullnægi því að vera 75 cm á hvora hlið eins og sagt er í auglýsingu frá fyrirtækinu og reikningur fyrir kaupunum ber með sér, enda þótt hægt sé að koma hliðunum þannig fyrir að þær verði ekki nema 73 cm á breidd. Ekki er ástæða til þess að vefengja þá frásögn að álitsbeiðanda hafi verið ráðlagt að kaupa sturtuhorn af stærðinni 80x80 í stað stærðarinnar 75x75. Samkvæmt þessu álitur kærunevndin ekki

grundvöll fyrir því að gefa seljanda að sök að hafa afgreitt vöru sem álitsbeiðandi bað ekki um eða vanrækt upplýsingagjöf við kaupin. Getur álitsbeiðandi þannig ekki að álitum kæruneðndarinnar byggt á því að sölulluturinn hafi verið gallaður í skilningi 15. og 16. gr. neytendakaupalaga nr. 48/2003 og að hann eigi úrbótarétt á hendur seljanda, þ.e. að fá annan hlut í stað þess sem hann keypti.

Í neytendakaupalögum er ekki kveðið á um rétt kaupanda til þess að skila ógölluðum sölullut. Verður um slík skil að fara eftir samkomulagi aðila. Að framan er lýst þeim skilmálum sem Y setja fyrir því að kaupandi geti skilað sölullut til verslunarinnar. Forstjóri verslunarinnar taldi að álitsbeiðandi hefði óskað eftir því að skila sölullutnum innan 30 daga frá því að kaupin fóru fram og viðurkenndi að kaupandi yrði að hafa svigrúm til þess að skoða sölullutinn til þess að ganga úr skugga um að um réttan hlut væri að ræða. Hins vegar taldi forstjórinn að í því tilviki sem hér um ræddi væri útilokað að verslunin gæti selt hlutinn á nýjan leik eftir notkun álitsbeiðanda á honum og yrði því fyrir skaða sem söluverðinu næmi.

Kæruneðndin telur að svo miklar líkur séu á að sölulluturinn og umbúðir um hann fullnægi ekki framangreindum skilmálum um skilarétt að hún treystir sér ekki til þess að líta svo á að hann sé fyrir hendi.

Samkvæmt því sem að framan segir er það niðurstaða kæruneðndarinnar að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

